

Öldungur hf. opnaði hjúkrunarheimilið Sóltún 7. janúar 2002. Heimilið hefur þjónustusamning við ríkið um rekstur til næstu 25 ára. Íbúar heimilisins eru 92. Markmið Sóltúns er að veita íbúum sínum bestu hjúkrun og aðra þjónustu sem vöi er á, á hverjum tíma og vera aðlaðandi starfsvettvangur. Allir þættir varðandi hönnun húsnæðis og val á hús- og tækjabúnaði hefur miðast við það. Sóltún tekur þátt í að mennta fagfólk innan heilbrigðisþjónustu í samvinnu við

GUÐSÞJÓNUSTA Í SÓLTÚNI

Aðfangadagur jóla

kf. 14

Séra Bjarni Karlsson prestur í Laugarnessókn prédikar og þjónar fyrir altari ásamt Jóni Jóhannssyni djákna Sóltúns.

Felagar úr kór laugarneskirkju syngja.



Aðstandendur geta fengið sendar auglýsingar í tölvupósti, um uppákomur í Sóltúni. Vinsamlegast hafið samband við móttökuna.

Aðstandendur geta fengið raflykil að útidyrum gegn vægu skilgjaldi í móttöku Sóltúns.

FRÉTTIR ÚR SÓLTÚNI

12.12.2007

AÐVENTAN Í SÓLTÚNI

Í ÞESSU TÖLUBLAÐI

ADVENTAN 1

12.-18.DES

ADVENTAN 2

19.DES-21.DES

FÆREYJAR ERU
FLOTTAR 3

AÐFANGADAGUR 4
JÓLA

Eins og undanfarin ár býður Sóltún íbúum sínum og starfsfólki upp á fjölbreytta, hátíðlega, fróðlega og skemmtilega dagskrá á aðventunni.

Miðvikudagurinn 12.12.2007

Kl. 10:45 Helgistund 2.hæð B-C

Kl. 11:15 Helgistund 2.hæð D-E

Kl. 13.30 Smákökubakstur 2.hæð DE

Fimmtudagurinn 13.12.2007

Kl. 10.30 Smákökubakstur 1.hæð DE

Kl. 11:15 Helgistund 3.hæð

Kl. 14.00 Jólabaasar

Kl. 15.30 Kvikmynd sýnd í dagstofum

Föstudagurinn 14.12.2007

Kl. 11:00 Smíðar og viðgerðir

Kl. 11:00 Helgistund 1.hæð

Laugardagurinn 15.12.2007

Kl. 15:00 Húnakórinn syngur í samkomusalnum

Mánudagurinn 17.12.2007

Kl. 11:00 Upplestur úr bókum (framhaldssögur)

Kl. 13:00 Ljóð og kveðskapur

Kl. 13.30 Endurminningafundur (í vistaverum íbúa)

Kl. 15:30 Þrjónaklúbbur

Priðjudagurinn 18.12.2007

Kl. 10:15 Boccia (hægur)

Kl. 11:00 Söngur

Kl. 13:00 Boccia (hraður)

Kl.15:30 Kvikmynd sýnd í dagstofum

Athugið að ekki er um tæmandi dagskrá að ræða. Fylgist með á heimasíðu Sóltúns www.soltun.is og á auglýsingarsskiltum á göngum og setustofum í Sóltúni.

VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á:

- Sjálfræði einstaklingsins
- Virðingu fyrir einkalífi
- Athafnaþrá sé mætt
- Öryggi og vellíðan
- Starfsemin í stöðugri endurskoðun
- Virkt gæðaeftirlit með þjónustu



Miðvikudagurinn 19.12.2007**Kl. 10:15** Kertagerð**Kl. 10:45** Helgistund 2.hæð B-C**Kl. 11:15** Helgistund 2.hæð D-E**Kl. 14:30** Handaæfingar**Kl.14:30** Endurminningafundir (í
vistarverum íbúa)**Kl. 15:30** Spilahópur: vist, skák og bridge
í kaffiteríunni**Fimmtudagurinn 20.12.2007****Kl. 10:00** Hugar- og listasmiðja**Kl. 11:15** Helgistund 3.hæð**Kl. 13:00** Handverkshópur**Kl. 14:00** Jólalabingó**Kl. 15:30** Kvikmynd sýnd í dagstofum**Föstudagurinn 21.12.2006****Kl. 11:00** Smíðar og viðgerðir**Kl. 11:00** Helgistund 1.hæð**Kl. 12:00** Jólalabborð starfsmanna**Aðstandendahópar (stuðningshópar)**

Í Sóltúni er boðið upp á aðstandendahópa ár hvert á vorin og haustin.

Í hópastarfinu fá þátttakendur tækifæri til að miðla af reynslu sinni, hitta aðra í svipaðri aðstöðu og ræða það sem liggur á hjarta.

Tilgangur fundanna er að vera þátttakendum til gagns og ánægju með því að:

Auka tengsl og góð samskipti starfsfólks og aðstandenda

Veita upplýsingar, fræðslu og stuðning

Taka saman efni um álagssvalda og ráð sem nýtast aðstandendum og starfsfólki til góðra verka.

UPPBYGGING HÓPASTARFS

Hópastarfið byggist á miðlun upplýsinga milli fagfólks og aðstandenda. Miðað er við 4-6 manna hópa. Hóparnir hittast reglulega í nokkur skipti með hjúkrunarfræðingi og djákna eina klukkustund í senn. Algjör þagnarskylda er nauðsynleg til að stuðningshópar séu til gagns.

Næsti hópur fer á stað í febrúar 2008. Áhugasamir hafi samband við Hörpu Karlsdóttur, hjúkrunarfræðing í síma 590 6000. Einnig veita Júlíana Sigurveig Guðjónsdóttir, hjúkrunarstjóri og Jón Jóhannsson, djákni upplýsingar í sama síma.

**Færeyjar eru flottar**

Það voru heldur en ekki glaðar konur sem héldu með flugi frá Reykjavíkur til Færeyja, föstudaginn 15.sept.2007. Bls. 3

Þetta voru 15 starfsmenn 1. hæðar hjúkrunarheimilisins Sóltúns á ferð og hugðust verja þremur dögum hjá frændum okkar og nágrönnum. Við gistum í höfuðstað Færeyja, Þórshöfn.

Tilgangur ferðarinnar var að heimsækja 2 hjúkrunarheimili. Annað í Þórshöfn og hitt í Runavík.

Leiðsögumaðurinn okkar hann Sveinur Thomasson var mættur strax á

laugardagsmorgni til að fylgja okkur til Runavíkur. Sveinur átti eftir að gera þessa heimsókn okkar til Færeyja ógleymanlega. Hann söng m.a. fyrir okkur „spilaði á píanó og gaf okkur að smakka grind (hvalkjöt). Færeyingar virðast varðveita vel þjóðareinkenni sín og gamla menningu. En þeir eru líka komnir í nútímann og eru búnir að bæta samgöngur mikið með því að grafa jarðgöng á milli flestra eyja sem eru átján talsins.



Vel var tekið á móti hópnum í Runavík, en á því heimili búa 66 íbúar.

Heimilið er rekið á kristilegum grunni, þar sem hugmyndafræðin er virðing fyrir

manneskjunni. Það sem okkur þótti eftirtektarverðast er að notaðar eru þéringar og að farið er í lengri ferðalög með íbúa árlega og einnig utanlandsferðir og þá er Danmörk vinsælust.

Þetta er fallett heimili, einbýli og lítil 8 manna sambýli, og þjónustan virtist öll til fyrirmyndar.

Á leiðinni til Þórshafnar vildi fararstjórinn okkar Sveinur sem er einnig rithöfundur koma við á dvalarheimili og heimsækja vin sinn.

Hann hefur skrifað ævisögu þessa tæplega 100 ára gamla manns, sem hafði dvalið á Íslandi til margra ára. Þótti honum greinilega gaman að fá allar þessar íslensku konur í heimsókn og dró upp úr kistu sinni þúrtvínsflösku og bauð okkur snafs sem hópurinn þáði með gleði og þakklæti.

Sunnudagurinn var notaður í skoðunarferð um Þórshöfn, þar sem gengið var um gamla bæinn Skansinn, Þinganes og Norðurlandahúsið heimsótt.

Sveinur „okkar“ er greinilega mjög fróður um sögu landsins og sagði ótrúlega skemmtilega frá, svo sannfærandi var hann að við gátum séð sögurnar ljóslifandi fyrir okkur.

Að mánudagsmorgni heimsóttum við nýjasta heimilið í Þórshöfn, Vallahlíð,

sem var tekið í notkun fyrir 2 árum. Húsið er sérhannað með þarfir fólks með heilabilun í huga og virtist okkur vera lögð mikl alúð í verkið og hugað að hverju smáatriði.

Heimilið er fyrir 16 manns og skiptist í tvær deildar og er rekið eftir hugmyndafræði sem nefnist Eden og er sótt til Bandaríks læknis Bill Thomas. Um 500 heimili í heiminum eru rekin eftir kenningum hans sem ganga m.a út á það að rjúfa einmannaleika, leiða og lært hjáparleysi. Samkend, lífsgleði og þolinmæði eru eru lykilhugtök í kenningunni.

Parna eru hundur, kettir, páfagaukar, og þegar litið er út um gluggann sjást gæsir á vappi og kindur á beit. Starfsemin er mjög sérstök að því leyti að starfsfólkið vinnur þverfaglega (allir ganga í öll verk) og jafn margt starfsfólk er á morgun- og kvöldvöktum.

Á þessu heimili er svo sannarlega komið á móts við þarfir fólks.